

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli	Kr. 835,00
fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.	
b. Samkvæmt vatnsmæli	41,80
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Par til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðargjöld eru miðuð við þátttöku húseganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 29\,500,00 + 32,20 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 44\,400,00 + 48,10 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

8. gr.

Af húsnæði, sem þegar hefur verið tekið í notkun og nýbyggingum sem samþykktar hafa verið fyrir 1. október 1979 gjaldfellur 50% heimæðargjalds, þegar lagning dreifiaðar og götuæðar er hafin. Eftirstöðvar gjaldsins, gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg.

Fyrir íbúðarhús, með þilofnahitun er heimilt að fella niður seinni hluta gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er tengt innan 2 ára frá lagningu dreifiaða. Að þeim tíma liðnum gjaldfellur síðari hluti gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir samsvarandi húsnæði.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði sem er samþykkt eftir 1. október 1979, gjaldfellur heimæðargjald þegar byggingaleyfi er veitt.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútrulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-
hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar,

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira
en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af
iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967,
staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 680 5. september
1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim
reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té
vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins
skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitaflétir séu
nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 34,20 fyrir hvern
rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til
vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 0,71 kr/kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til
samræmis við aukningu á stofn- og rekstrarkostnaði.